

VG-Fornleifarannsóknir

-Sveitarfélagið Hornafjörður-

Skráning fornminja á áhrifasvæði lagnaleiðar ljósleiðara í Nesjum og Mýrum

Fornleifaskráning 2018

A-SKAFT-1979

Vala Garðarsdóttir

September 2018



Forsíðumynd:


Fjárhúsatóft við flugvöllinn í Hornafirði/Ljsm. Vala Garðarsdóttir

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur
VG-fornleifarannsóknir
Tjarnarbrekka 6
225 Álftanes

Farsími: 8639199
Vinnusími: 5651806
Netfang: vgfornleifarannsoknir@gmail.com
www.vgfornleifar.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	2
LAGNALEIÐ Í NESJUM OG MÝRUM	4
FORNLEIFASKRÁNING, LÖGGJÖF OG STAÐLAR.....	4
ÚTTEKTARSVÆÐIÐ	6
SKRÁÐAR MINJAR.....	6
UPPMÆLDAR MINJAR.....	11
ÁÐUR SKRÁÐAR MINJAR.....	12
NIÐURSTAÐA	35
HEIMILDIR.....	37
Viðauki/kort	38




Mynd 1. Svarta punktalínan vísar til staðsetningar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Inngangur

Fyrirhugaðar eru ljósleiðaraframkvæmdir í Nesjum og Mýrum í Sveitarfélaginu Hornafirði (sjá kort 1 og 2).


Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir.¹ Hér er því ekki um fullnaðarskráningu að ræða. Farið var á vettvang 28.-31.ágúst 2018, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) ásamt því að vera ljósmyndaðar. Aðrar minjar sem ekki voru sýnilegar en þekktar eru úr öðrum heimildum og eldri loftmyndum voru settar handvirkt inná kort með tilheyrandi tilvísunarnúmeri (sjá viðauka/kort).

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Kort 1.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Kort 2.

Lagnaleið ljósleiðara

Fyrirhuguð framkvæmd og áhrifasvæði þess liggur að verulegu leiti meðfram þjóðvegi 1 en einnig yfir mýrar, tún og mela, og upp heimreiðar þeirra bæja þar sem ljósleiðarann skal leggja. Ljósleiðarinn brotnar á milli svæða eins og sjá má á korti 1. Austast nær hann frá Horni undir Vestrahorni að Stokksnesi og vestast að afleggjara Skálafells við jökulána Kolgrímu.

Þær minjar sem fyrir voru á lagnaleiðinni eru 24 talsins.

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Úttektarsvæðið

Þar sem minjar eiga sitt helgunarsvæði samkvæmt lögum var lagnaleiðin gengin innan þess svæðis sem við átti. Vitað er að töluvert af minjum hefur verið rutt í burtu eða jafnaðar við jörðu hér á árum áður víða um land og er Hornafjörður engin undnatekning á því. Að auki er skortur á heimildum þó nokkuð meiri í Hornafirði en annarsstaðar þar sem bæði túnakort og örnefnaskrár eru rýrar en þó öllu heldur sú staðreynd að jarðabækur og aðrar efnislegar heimildir er varðveittar voru í Kaupmannahafnarbókasafni, brunnu í eldsvoða 1728. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín eru einstakar samtímaheimildir um jarðnæði, búskaparhætti og nytjar á Íslandi og því mikill skaði. Jarðbækur Ísleifs Einarsson biskups eru til er hann gerði í umboði Árna Magnússonar sem og Jarðatal Johnsens frá 1847 ásamt byggðarsögu Austur-Skaftafellsýslu.²

Líkt og annarsstaðar á landinu var sauðfjárrækt og sauðfjárbúskapur algengastur á meðal bænda í Hornafirði, þó svo flestir bændur drýgðu tekjurnar með sjósókn. Landið ber merki sauðfjárræktar víða og er túngarða, aðhöld og kindagötur algeng sjón í landslaginu.

Í Nesjum eru elstu byggðu jarðirnar Mælifell og Hoffell en þeirra er getið í Landnámu. Þar á eftir er jörðin Árnanes en elstu heimildir eru frá 13.öld. Hafnarnes er fjórða elsta samkvæmt heimildum eða frá 14.öld. Út úr þessum jörðum byggjast með tíð og tíma jarðir og hjáleigur með tilheyrandi búskap. En jarðir í búskap í dag í Nesjum eru 23 talsins en um 18 á Mýrum.

Elstu heimildir um landnám á Mýrum er jörðin Viðborð en hún er í eyði, búskapur er hins vegar á Viðborðsseli sem liggur vestan við Viðborð undir Viðborðsfjalli. Saga búskapar á Mýrum er gloppótt og eru fyrir því margar ástæður en meðal annars erfiðar aðstæður til skepnuhalds ágangur jökuláa ásamt gróðurleysi, en sú staðreynd er einkennandi fyrir svæðið að mörgu leiti. Hólmsá sem rennur úr Fláajökli hefur hlaupið reglulega með tilheyrandi eyðileggingu á búskap og ræktarlönd. Þær jarðir sem eru í búskap á Mýrum í dag eru tiltölulega ungar eða þær elstu frá því á 18.öld en flestar frá miðri 19.öld og síðar.

²Jón Þorkelsson (1918-1920). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. hefti, bls. 1-38.

Skráðar minjar

Nesjahreppur

Auðkennisnúmer: 1979-001

Hnit: N 683803.9/E 425984.3

Sérheiti: Dilksnes

Tegund: Garðlag

Hlutverk: óþekkt-nýtt sem skjólgarður
vegna trjáræktar í dag.

Aldur frá: 1900

Aldur til: 1999

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hættumat: hættu

Vegghæð frá: 0,3 m

Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 1,5 m

Lengd: 15-20 m

Lýsing: Hólf sem samanstendur af garðlögum- misgömlum virðist vera.

Upprunlegt hlutverk óþekkt (líklega matjurtagarður/aðhald/rétt) en nýtt í dag
sem skjól vegna trjáræktar.



Bleika línan- ljósleiðari

Hvítur hringur- Garðlögin

Auðkennisnúmer: 1979-002

Hnit: N 683755.4/E 425073.5

Sérheiti: Hafnarnes

Tegund: garður

Hlutverk: túngarður/óþekkt

Aldur frá: 1900

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: Greinanlegt

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 0,3 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 0,9 m

Lýsing: Nokkur garðlög við heimreiðina að Hafnarnesi að sunnanverðu. Rofin víða og hleypt upp vegna jarðræktar. Ekki í heimildum og hlutverk óþekkt



1979-002: Garðlög

Auðkennisnúmer: 1917:003

Hnit: N 678322.6/E 435480.4

Sérheiti: Hoffell

Tegund: Leið

Hlutverk: Gata

Aldur frá: 850

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ágætt

Hættumat: hætta

Vegghæð frá: 0,0 m

Vegghæð til: 0,0 m

Vegjabreidd: 0,0m

Lýsing: Líklega götur eftir skepnur, óljóst hlutverk samt sem áður- skráð á minjasjá MJST undir númerinu: **1780-3091- en göturnar liggja óreglulega innan rauðu hringjanna bæði austan og vestan við veginn.**



Bleik lína- ljósleiðari

Hringir- skráðar götur á minjasjá MJST: 1780-3091

Auðkennisnúmer: 1979:004

Hnit: N 681480.6/E 429846.7

Sérheiti: Bjarnarnes

Tegund: Garður

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 850

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 0,3 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 0,5 m

Lýsing: Garðlag sem liggur upp með syðri heimreið að Bjarnarnes- Skráð á minjasjá MJST: **1780-3092**



Hvítur hringur utan um garðlagið



Auðkennisnúmer: 1979:005a

Hnit: A 680317.8 N 433337.0

Sérheiti: Stóralág

Tegund: Garður

Hlutverk: Túngarður

Aldur frá: 1919

Aldur til: 1999

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Um 100 m vestur af bænum liggur garður í norður-suður- hann er rofinn víða m.a. af heimreiðinni að bænum (sjá kort 005a og 005b).



Kort. 005a



Kort 005b.

Uppmældar minjar

Auðkennisnúmer: 1979:005

Sérheiti: Árnes

Tegund: Garður

Hlutverk: Túngarður

Aldur frá: 1919

Aldur til: 1999

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar minjar

Hættumat: hætta

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 0,5 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Upp með heimreiðinni að Árnesi að sunnanverðu liggur túngarður í austur/vestur (líklegast ungur).





Kort af túngarðinum 1979:005

Auðkennisnúmer: 1979:006

Sérheiti: Seljavellir 3

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá: 1900

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar


Hættumat: hætta

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,8 m

Veggjabreidd: 1,0 m

Lýsing: Brot af vegg sem áður tilheyrði fjárhúsi-áður mælt vegna framkvæmda 2014.



Kort 1979:006: Kort af veggjabrotinu

Auðkennisnúmer: 1979:007

Sérheiti: Flugvöllur

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús/hlaða

Aldur frá: 1900

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: slæmt

Hætta: lítil hætta

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 0,8 m



Veggjabreidd: 0,6 m

Lýsing: Uppá litlum hól fast vestan við Flugvöllinn er tóft af fjárhúsi/hlöðu



Kort 1979:007- Fjárhús og hlaða

Auðkennisnúmer: 1979:008

Sérheiti: Akurnes

Tegund: hól (lítill)

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand: óhreyft

Hætta: lítil hættu

Vegghæð frá: 0

Vegghæð til: 0

Veggjabreidd: 0



Lýsing: Vestan við heimreiðina að Akurnesi er lítill hól sem sker sig úr túninu. Ekkert er sýnilegt að öðru leiti. Mælt upp með fyrirvara að eitthvað geti legið undir sverði.



Kort 1979-008/ punktur er miðjusetur á hólinn

Auðkennisnúmer: 1979:008a

A 682578.6 N 428634.5

Sérheiti: Akurnes

Tegund: Garðar

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand: óþekkt

Hætta: stórhætta

Vegghæð frá: 0

Vegghæð til: 0

Veggjabreidd: 0

Lýsing: Vestan við Laxá í Nesjum við og norðan við Þjóðveg 1 eru dældir og garðar sem virðast manngerð. Tveir möguleikar virðast koma til greina, fyrsti er að þetta tengist minjaklasa um 70 m norðar við ána (Sjá dökka svæðið á korti 008c) svæðið er óljóst þegar horft er frá jörðu en á loftmynd sjást þessir garðar vel (sjá kort 008a). Annar möguleikinn er að þetta tengist brúargerð á 5. áratug síðustu aldar- en engar áreiðnlegar heimildir eru fyrir þessu.



Kort 008a- Garðar (för) eru innan kassa



Kort 008b



Kort 008c- Minjabyrping

Auðkennisnúmer: 1979:009

Sérheiti: Mælifell

Tegund: tóft

Hlutverk: Rétt/nátthagi

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand: ágætt

Hættumat: Stórhætta

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 0,6 m

Lýsing: Vestan við veginn upp að bænum Mælifelli er ríkt menningarlandslag af mannvirkjum fyrri tíma. En næst veginum (vestan megin), um 15 metra frá verðandi ljósleiðaralögn er rétt/nátthagi.



Vegna bæði aldurs og grónu landi ber að fara með verulegri aðgát heimreiðina að Mælifelli vegna þeirra mögulegu menningarminja sem legið get undir sverði þó ekki sýnilegar og í heimildum.



Kort 1979-009/ Rétt/nátthagi við veginn að bænum Mælifelli

Auðkennisnúmer: 1979:010

Sérheiti: Bjarnarneskirkja

Tegund: hús

Hlutverk: Kirkja

Aldur frá: 1976

Aldur til:

Friðlýst: nei

Ástand: gott

Hætta: engin hætta

Vegghæð frá:

Vegghæð til:

Vegjabreidd:



Lýsing: Kirkjur í Bjarnarnesprestakalli hafa verið all nokkrar sem og prestsetur. Kirkjan við Laxá var brennd 1965 en ný kirkjar reist á núverandi stað 1965. Kirkjan sem brennd var var frá 1911. Kirkjan skráð hér engu að síður þar sem hún er reist á eldri mannvist (óþekkt).

Auðkennisnúmer: 1979:011

Sérheiti: Bjarnarneskirkjugarður

Tegund: kirkjugarður

Hlutverk: grafir

Aldur frá:

Aldur til:

Friðlýst: nei

Ástand: gott

Hættumat: hætta

Vegghæð frá: 0

Vegghæð til: 0

Vegjabreidd: 0

Lýsing: sjá 1979:010





Kort 1979-011/ Bjarnarneskirkjugarður

Mýrar

Auðkennisnúmer: 1979:012

Sérheiti: Tjörn (Holtar/Holt)

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Tóft

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand:

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 0

Vegghæð til: 0

Veggjabreidd: 0

Lýsing: Vestan við heimreiðina að Tjörn er grjóthleðsla (haugur) sem er alls óþekktur, gæti verið hreinsun af túni eða náttúrulegt- mælt engu að síður vegna gruns um minjar.





Kort 1979-012/ punktur af [012] við heimreiðina að Tjörn

Auðkennisnúmer: 1979:012a

Hnit: A 673586.2 N 426975.8

Sérheiti: Tjörn (Holtar/Holt)

Tegund: Vegur

Hlutverk: leið

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand: sýnilegt

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 0

Vegghæð til: 0

Veggjabreidd: 0

Lýsing: Austan við veginn sem liggur samsíða Holti liggur vegur til austurs að Tjörn. Vegurinn er á túnakorti frá 1919.



Vegurinn 012a- frá Holti að Tjörn

Auðkennisnúmer: 1979:012b

Hnit: A 673586.6 N 426951.2

Sérheiti: Holtar-Holt

Tegund: Garður

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand: sýnilegt

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 1.0m

Vegghæð til: 0.50m

Veggjabreidd: 1.0m

Lýsing: Sunnan við veg [012a] er sýnilegur garður- sem er ekki á túnakorti og er líklegast yngri en 1919.



Holt- garður 012b

Auðkennisnúmer: 1979:013

Sérheiti: Brunnhólskirkja

Tegund: hús

Hlutverk: kirkja

Aldur frá: 1899

Aldur til:

Friðlýst: nei

Ástand: ágætt

Hættumat: lítil hættu

Vegghæð frá: 0

Vegghæð til: 0

Veggjabreidd: 0

Lýsing: Kirkjan lagfærð að hluta 1947- steipt utan um vegg og gluggum og innrættingum breytt verulega. (sjá skrá MJST: verknr:0306)



Auðkennisnúmer: 1979:014

Sérheiti: Brunnhólskirkjugarður

Tegund: kirkjugarður

Hlutverk: grafir

Aldur frá: 1899

Aldur til:

Friðlýst: nei

Ástand: gott

Hættumat: stórhætta

Vegghæð frá: 0 m

Vegghæð til: 0 m

Veggjabreidd: 0 m



Lýsing: Brunnhólskirkjugarðu liggur að mestu umhverfis kirkjuna- elsti hlutinn sunnan við kirkjuna og sá yngsti norðan megin.



Kort 1979-014/ Brunnhólskirkjugarður

Auðkennisnúmer: 1979:015 (1701-21)

Sérheiti: Einholt/Völvuleiði

Tegund: frásögn

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: ?

Aldur til: ?

Friðlýst: nei

Ástand: sést ekki

Hættumat: lítil hættu

Vegghæð frá: 0 m

Vegghæð til: 0 m

Vegjabreidd: 0 m

Lýsing: Völvuleiðið er skráð 1979 og svo aftur 2010 á minjasjá MJST: **1701-21**

Auðkennisnúmer: 1979:016 (1701-20)

Sérheiti: Einholt/Kuml

Tegund: Mannvistarleifar

Hlutverk: Kuml

Aldur frá: 900

Aldur til:

Friðlýst: nei

Ástand: sést ekki


Hættumat: lítil hættu

Vegghæð frá: 0 m

Vegghæð til: 0m

Veggjabreidd: 0 m

Lýsing: Árið 1979 kom í ljós Kuml í Einholti við framkvæmdir þáverandi bónda. Guðmundur Ólafsson rannsakaði og skráði. Á minjasjá MJST:**1701-20**



Kort 1979-015 og 016: Einholt á Mýrum- punktar 1701-20 og 1701-21- ekkert sést á yfirborði.

Áður og nýlega skráðar minjar

Minjar sem áður hafa verið skráðar og eru að öllum líkindum við og innan áhrifasvæðis ljósleiðara-

Samkvæmst skráningarskýrslum Fornleifastofnunar Íslands vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn og Stapa árin 2015 og 2018³ eru skráðar minjar innan eftirfarandi svæða:

Skráningarnúmerin eru skv. skýrslum Fornleifastofnunar 2015 og 2018. Númer Skýrsla FS569-15101 og FS691-18031.

SF-621

Fornleifar á fl. en einni jörð SF-621:001 vegur leið 64°17.948N 15°11.922V

“Upphlaðinn vegur sést liggja beint á núverandi þjóðveg um 85 m norðan við gatnamótin þar sem heimreið liggur að Brekku og fleiri bæjum og um 190 m SSA við þar sem heimreið liggur frá þjóðvegi að Lækjarbrekku. Vegurinn virðist sá sami og merktur er inn á Herforingjaráðskort frá 1905 og lá til norðausturs fyrir heimatúnið á Hólum og beygði svo til suðausturs og lá svo til suðurs niður í

³ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn, 2015 (nr. FS569-15101)

SF-034:001

Bjarnarnes

Taðhóll (Hóllinn) bæjarhóll bústaður 64°19.277N 15°14.697V

“Taðhóll var hjáleiga Bjarnarness. Leifar af bænum eru fast sunnan við vegamót þar sem Miðskersvegur mætir Bjarnanesvegi, um 150 m norðaustur af Bjarnaneskirkju. Sýnileg rúst sem hér er lýst er um 20 suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar hitaveitulagnar. Hún er uppi í brekku ofan við lagnarstæðið og af þeim sökum ósennilegt að henni verði raskað. Ekki er ósennilegt að öskuhaugur eða aðrar mannvistarleifar gætu verið utan í bratttri brekku austan við rústina, nær lagnarstæðinu, þótt ekkert sjáist á yfirborði. Grösugur hóll innan girðingar. Hóllinn sjálfur er hár og mjög áberandi, vel grasi gróinn. Austan í honum, á stalli sem er lægri en háhóllinn, mótar fyrir rúst, að líkindum af litlum bæ. Hún er næstum alveg sléttuð og veggheðslur jarðlægar og sér ekki í grjóti í þeim en þó mótar vel fyrir hólfum. Alls er rústin um 30 x 15 m stór frá NA-SV og skiptist í fjögur hólf. Þrjú þeirra eru í norðausturhlutanum - miðjuhólfið sýnu stærst (8 x 3,5m að innanmáli NV-SA) en sitthvoru megin við það eru smærri hólf. Framhlið bæjar hefur snúið í suður eða SSA. (sjá kort 20)



Kort 20- Taðhóll (innan rauða svæðisins gul ör bendir á tóftina)

og opnast hólfir þrjú öll í þá áttina - en að auki er hringlaga dæld suðvestast sem engar dyr sjást á, alls um 2,5 m í þvermál. Frá rústinni hallar skarpt til austurs niður að vegi þar sem hitaveitulögn er fyrirhuguð og þar ætti að hafa varann á, enda líkur á mannvistarlögum. Skv. Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var búið á Taðhól til 1883. Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda Heimildir: Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu I, 228-229.⁵

⁵ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn, 2015

Ljósleiðarinn liggur meðfram veginum að sunnanverðu um 5 metra frá Taðhól.

Hættumat: Stórhætta

030:007 - Torfgrafalækur

SF-030 Suðurhóll SF-030:007 Torfgrafalækur örnefni rista: 64°19.222N
15°14.544V

"[U]m landið innst rennur Torfgrafalækur[007][.]," segir í örnefnalýsingu. Torfgrafalækur rennur vestan við veginn að Bjarnarnesi sunnan við Taðhól 034:001. Á þessum slóðum mun hann reyndar kallaður Álalækur. Lækurinn er mjög skammt suðvestan við fyrirhugaða lagnalínu á um 100 m löngum kafla meðfram veginum. Mórauður lækur sem rennur að hluta um mýri. Engin ummerki sjást um torfristu eða mógrafir á þessum slóðum en hugsanlega má sjá þær ofar með læknum, þar sem hann kallast Torfgrafalækur. Hættumat: hætta vegna framkvæmda Heimildir: Ö-Nesjahreppur, Suðurhóll,1 .⁶



Kort 21. Torfgrafalækur (örin bendir á áhrifasvæðið)

Ljósleiðarinn liggur þvert yfir veginn við Torfgrafalæk

Hættumat: Stórhætta

⁶ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn, 2018

SF-037:038

Stóralág

Vegur/leið

A 680689 N 433004

Upphlaðinn vegur er vestan við Þjóðveg 1, við brúna sem liggur yfir Myllulæk, tæpum 750 m suðaustan við bæ 001. Nýlegur vegur niður að sumarbústaðnum Myllulæk var lagður þvert yfir veginn. Vegurinn er 15 m vestan við miðlínu fyrirhugaðrar hitaveitulagnar. Vegurinn liggur upp að Myllulæk og gílinu eða dældinni sem hann liggur í. Svæðið er þýft og grasivaxið en fremur flatlent niður að gílinu. Norðan við veginn er kletthóll og gamall lækjarfarvegur. Vegurinn liggur norðvestur-suðaustur og skiptist upp í tvo hluta þar sem nýlagður sumarbústaðavegur liggur yfir hann þverann. Hann er tæplega 60 m langur og er tæpir 4 m á breidd. Hann er upphlaðinn og um 0,2-0,5 m á hæð. Hann er algróinn og ekki sést í grjóthleðslur. Dæld sem er um 0,5 m á dýpt og 0,3 m á breidd liggur norðaustan við veginn. Hugsanlega hefur jarðvegi verið mokað þaðan til þess að nota í hluta af veginum. Líklega tengist vegurinn að myllu 026 að einhverju leyti og gæti hafa verið notaður til flutninga til og frá myllunni. Vegurinn liggur alveg að lækjargílinu í suðaustri og heldur áfram til norðvesturs í átt að kletthól. Hann verður ógreinilegri eftir því sem norðar dregur og hverfur að kolum í þýfinu við gamla lækjarfarveginn.⁷

Ljósleiðarinn liggur vestan þjóðvegarvegar og því innan miðlínu áhrifasvæðis. (kort 22)- Hættumat: Hætta



Kort 22. Vegur 038 við Myllulæk

⁷ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa, 2018

SF-037:026

Mylla, S SF-037:026 Mylla heimild A 681010 N 433001

“[Myllulækur] kemur ofan úr Krossbæjarskarði og fellur í Þveitina. Í Skarðinu kemur hann úr Urðargili. Myllan var rétt neðan við veg. Þaðan var hann Myllulækur,” segir í örnefnaskrá.” Myllan stóð í læknum fast suðvestan við Þjóðveg 1. Brú liggur yfir Myllulækinn, rúmum 780 m VSV við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðrar hitaveitulagnar er 3 m vestar. Suðvestan við brúna liggur myllulækurinn í litlu gili eða dæld. Hliðar hennar eru grasivaxnar að mestu þó sumstaðar glitti í moldarbörð. Ekki sjást nein ummerki um mylluna í læknum og hafa ummerki líklega öll verið fjarlægð. Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.⁸ Heimild: Ö-Nesjahreppur, Stóralág 1,

Ljósleiðarinn liggur yfir brúna yfir Myllulæk þar sem myllan er sögð haf verið. myllan er ekki sýnilega.

Hættumat: lítil hætta

Hoffell

SF-040:013

Nátthagi/hleðsla/nátthagi A 676788 N 437720

“Þar hét áður Réttarklettsbarð efra, og eru nú nýju fjárhúsin framan í því og þar girðing fyrir neðan, sem nú er kölluð Nátthagi, og Réttarklettsbarð neðra, sem grjótgardurinn að neðan liggur eftir,” segir í örnefnaskrá. Allt þetta svæði við fjárhúsin kallast Nátthagi að sögn Unnar Guðmundsdóttur, heimildamanns. Hann er um 280 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 30 m SSA við Efri-Nátthaga 019. Þetta svæði er mikið raskað, fjárhúsin hafa verið endurbyggð frá því að örnefnaskráin var gerð og gæsakofi byggður fast til austurs. Nátthaginn er innan reits sem deiliskráður var árið 2018 vegna borholuframkvæmda í tengslum við fyrirhugaða hitaveitulögn. Afgirt gerði er sunnan og austan við fjárhúsin, þar er gróið svæði og melur undir. Ræktað svæði er til austurs og deiglendi. Þar er gæsakofi sem nýttur er sem skemma. Ekki er vitað hversu stór nátthaginn var en hluti af norðausturhlið er enn varðveittur. Jafnframt er vitað hvar suðurhliðin lá á milli tveggja steyptra stöpla. Nátthaginn var a.m.k. 65x40 m að stærð og var austan við veginn að bænum. Norðausturhliðin er 36x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggurinn var endurhlaðinn úr stóru grjóti af Úlfari Helgasyni, heimildamanni, og stendur grjótið upp á rönd. Steyptir stólpar gefa legu suðurhliðarinnar til kynna, þeir eru það eina sem eftir er þar. Ekki er vitað

⁸ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa, 2018

hvar nátthaginn var til norðvesturs. Hleðslan er 0,3-0,5 m á hæð, 1 m á breidd og það má greina umfar í þeim. Hleðslan er uppi á klettahrygg að sunnan. Vírgirðing liggur meðfram hleðslunni. Hættumat: hætta, vegna framkvæmda Heimildir: Ö-Nesjahreppur, Hoffell, 3.⁹

Ljósleiðarinn liggur meðfram heimreiðinni og yfir 013 að hluta (sjá kort 24)

Hættumat: Stórhætta

SF-040:019

Efri-Nátthagi/heimild/nátthagi

A 676752 N 437739

“Fyrir austan veginn þar var nátthagi, sem nú er sléttaður í tún og hét Efri-Nátthagi. Þar hét áður Réttarklettsbarð efra, og eru nú nýju fjárhúsin framan í því og þar girðing fyrir neðan, sem nú er kölluð Nátthagi [013], og Réttarklettsbarð neðra, sem grjótagarðurinn að neðan liggur eftir, en nafnið á vörðunum [ekki er vitað hvaða vörður þetta eru] gildir nú aðallega fyrir hæðirnar á veginum,” segir í örnefnalýsingu. Nátthagi er merktur inn á túnakort frá 1920, suðaustan við heimatúnið. Nátthaginn var rúma 240 m SSA við bæ 001, skammt ofan (norðan) við “nýju fjárhúsin”. Ekki er vitað hversu stór nátthaginn var, hnit var tekið tæpum 20 m norðan við fjárhúsin. Fyrirhugað borholusvæði vegna hitaveitulagnar er 17 m austar, ekki er ólíklegt að nátthaginn hafi náð inn á svæðið. Það er ekki er vitað hvar hann var nákvæmlega staðsettur eða stór eins og áður sagði. Réttarklettsbarð neðra sést að hluta fyrir norðan og austan fjárhúsin. Slétt, ræktað tún. Fyrir norðan fjárhúsin er brún í túninu og það hallar til suðausturs. Réttarklettsbarð er fyrir norðan og austan og sjást enn. Engin ummerki nátthagans sjást á yfirborði. Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda Heimildir: Ö-Nesjahreppur, Hoffell, 3; Túnakort 1920.¹⁰

Ljósleiðarinn liggur að hluta rétt við helgunarlínu 019 (sjá kort 24)

Hættumat: Hætta

⁹ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa, 2018

¹⁰ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa, 2018



Kort 24, 013 er innan gula hrings

SF-032

Miðsker - garðlag:

A 680991.8 N 4298874.4

Leifar af óljósum garðlögum eru í landi Miðskers, um 100 m NNV af Taðhól SF-034:001. Þetta er í krika norðvestan við vegamót þar sem fjórir vegir mætast. Fyrirsjáanlegt er að hitaveitulögn frá Hoffelli að Höfn fari gegnum svæðið. Mjög þýft og blautt mýrlendi. Svæðinu gæti hafa verið raskað og býsna erfitt er að átta sig á leifunum eða fullyrða um hlutverk þeirra. Grasi grónar brekkur eru upp af til norðurs og vesturs en vegir að sunnan og austan. Alls ná minjarnar yfir svæði sem er u.þ.b. 40 x 15 m stórt frá NA-SV. Þar sjást a.m.k. þrjú garðlög sem sennilega hafa verið samtengd og liggja í sikk-sakk um svæðið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þau hafa gegnt en hvert garðlag er nú að jafnaði um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekkert grjót sést í hleðslum. Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.¹¹

Við gatnamótin sunnanverð liggur fyrirhugaður ljósleiðari rétt við garðlag 032 (sjá kort 23).

Hættumat: Stórhætta

¹¹ Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn, 2015



Kort 23. Garðlag innan gula hrings

SF:033-023

Stapi – garðlag - landamerki: 64°19.551N 15°14.818V

Hlaðið garðlag er á landmerkjum milli Stapa og Miðskers 250 m ASA af íbúðarhúsinu í Stapa. Girðing er á því. Fyrirsjáanlegt er að fyrirhuguð hitaveitulögn frá Hoffelli að Höfn fari gegnum vesturenda garðsins. Grasi gróinn stallur upp af túni. Garðlagið er mjög greinilegt og stæðilegt. Alls er garðurinn rúmlega 40 m langur frá austri til vesturs, mest um 2 m breiður að neðanverðu og 1 m hár. Vesturendi hans endar nokkra metra frá brekkurótum og er eyða þar ofan við að brekku en girðingin heldur áfram. Austurendinn endar skammt ofan vegarins að Stapa og er ekki sýnilegt framhald handan við hann - enda er þar sléttað tún. Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.¹²

Fyrirhugaður ljósleiðari gengur í gegnum garðinn miðjan (Sjá kort 24).

Hættumat: Stórhætta

¹² Fornleifaskráning vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn, 2015



Kort 24. Landamerkjagarður Stapi/Miðsker

Niðurstaða:

Samtals voru skráð 24 minjasvæði innan úttektarsvæðisins. 22 þeirra falla innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis, þær sem rétt utan standa er Náttahagi 019 við Hoffell og Vegur ST-621 norðan Lækjarbrekku sem sést á Herforingjakorti frá 1905. Minjar sem skráðar eru 1979:001-004 eru áður skráðar á minjasjá Minjastofnunar sem og minjar 1701-20 og 1701-21 í Einholti á Mýrum- en þær eru eitthvað utan áhrifasvæðis. Minjar sem eru skráðar af Fornleifastofnun Íslands 2015 og 2018 vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn eru skráðar í þessari skýrslu og vísað til þeirra skráninga. Minjar sem skráðar voru 2006 af Byggðarsafni Skagafjarðar á Mýrum sérstaklega skerast lítið við fyrirhugaða lagnaleið en bæjarstæðið Holtar eða Holt á Mýrum og Tjörn skerast að hluta og eru skráð tvö minjasvæði við Holt hér að ofan. Vegurinn sem skráður er inn á kort herforingjaráðsins 1905 (sjá kort 17) liggur frá Hólum í Nesjum og inná Höfn en vegurinn er ekki mjög sýnilegur innan áhrifasvæðis ljósleiðaralagnarinnar en sést ágætlega á korti- vegurinn er skráður við norðurenda Lækjarbrekku í Nesjum. Aðrar minjar sem skráðar hafa verið við áhrifasvæðið eru t.a.m. Kirkjugrunnurinn og garður Bjarnarneskirkju frá 1911 sem er austan við Laxá við afleggjarann að Borgum í Nesjum. Menningarlandslagið er í ríkt á þessu svæði öllu og setur sterkan svip á landslagið víða.

Búskapur hefur að öllum líkindum verið umfangsmikill og jafnvel blómlegur á þessu svæði hér áður fyrr, líkt og í dag.

Minjar innan áhrifasvæðis

1. 1979:001-Dilksnes/Matjurtagarður/aðhald/rétt
2. 1979:001a-Dilksnes/hóll/heimild
3. 1979:002-Hafnarnes/Garðlag
4. 1979:003-Hoffell/leið
5. 1979:004-Bjarnarnes 2/Garðlag
6. 1979:005-Árnes/Túngarður
7. 1979:005a-Stóralág/Garður
8. 1979:006-Seljavellir 3/veggjarbrot af fjárhúsi
9. 1979:008-Akurnes/óþekkt/hóll
10. 1979:008a- Akurnes/óþekkt/Garðar/För
11. 1979:009-Mælifell/Rétt
12. 1979:012-Tjörn/óþekkt/hóll
13. 1979:012a-Tjörn/Holt/Vegur
14. 1979:012b-Holt/Garður/Garðlag
15. 1979:017-Lamleiksstaðir/Tóftir
16. SF-621-Fornleifar á einni en fl. en einni jörð- Vegur
17. SF-034:001- Bjarnarnes/Tóft/Taðhóll
18. SF-030:007-Torfgrafalækur
19. SF-037:038-Stóralág/Vegur
20. SF-037:026-Stóralág/heimild um Myllu
21. SF-040:013-Hoffell/Nátthagi
22. SF-040:019-Hoffell/Nátthagi-heimild
23. SF-032- Miðsker/Garðar
24. SF-033:023-Stapi (Miðsker)/Landamerki-Garðlag

Heimildir

Johnsen J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarðar á landinu*. Kaupmannahöfn, J.Johnsen.

Jón Þorkelsson (1918-1920). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. hefti, bls. 1-38.

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015. Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði. FS569-15101. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Björn Lárusson. 1967. The Old Icelandic Land Registers. C.W.K. Gleerup: Lund

Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu I. 1971. Bókaútgáfa Guðjóns Ó, Reykjavík.

Guðný Zoega et al. 2006. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Byggðasafn Skagafjarðar.

Lilja Pálsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018. Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa. FS719-18421. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.


Loftmyndir ehf (2017). Loftmynd nr. 730-1. Litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Sveitarfélagið Hornafjörður (2018). Stjórnsýsla, Skipulagsmál. Sótt 02.10.2018 á <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Deiliskipulagstillaga-Skálafell.pdf>

Þorsteinn Guðmundsson (1972). Byggðasaga Borgarhafnarhrepps. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. Bind* (bls. 131-264). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

Viðauki I – Kort



Yfirlitskort- Nes (fyrir utan Hoffell) Gulir hringir tákna minjasvæði



Yfirlitskort Mýrar- Gulir punktar tákna minjasvæði